

Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

11. tbl. • Nóvember 2000

Íslenskur skipaiðnaður hefur betur

Nýlega undirrituðu tvær íslenskar skipa- og bátasmíðjur samninga um smíði skipa eftir að viðskiptavinirnir höfðu vegið og metið tilboð þeirra um verð og gæði álitlegri kost en frá erlendum aðilum.

Ósey hf. í Hafnarfirði undirritaði fyrir skömmu samning við Þorbjörn/Tálkna ehf. um smíði rökkegla 300 lesta togveiðiskips. Fimmán skipasmíðastöðvar víðs vegar um heim buðu í verkið, þar á meðal frá Pólandi, Spáni, Chile og Kína.

Eftir að tilboð höfðu verið vandlega skoðuð var ákveðið að ganga til samninga við íslensku skipasmíðastöðina, sem getið hefur sér gott orð á þessum vettvangi og smíðað vönduð skip sem afhent hafa verið á umsömdum tíma, nú síðast Geir ÞH 150.

Skipið, sem samið hefur verið um smíði á hjá Ósey hf., verður afhent um þar næstu áramót.

Trefjar ehf. í Hafnarfirði undirrituðu á dögunum samning um smíði fiskibáts til Englands. Báturinn ber heitið Cleopatra 33 og er hægt að útbúa hann fyrir tog-, neta-, og línuveiðar með sjálfvirkum búnaði og handfæraveiðar með rúllum.

Í nóvemberútgáfu World Fishing er sagt frá þessum samningi og þess sérstaklega getið að fyrirkomulag allt í bátnum sé í hæsta gæðaflokki og að hann hafi verið reyndur við erfiðustu aðstæður við Ísland og staðist allar kröfur. Betri meðmæli sé trauðla hægt að fá með einu skipi.

Báturinn verður tilbúinn til afhendingar í janúar og „mun halda samstundis til veiða“ eins og sagt er frá í World Fishing. Það þykja þeim greinilega nokkur tíðindi.

framhald á bls 4

Efnisyfirlit

Viðbrögð við rekstrarvanda verktaka

Ritstjórnargrein

2



Fyrstu myndskerarnir í tæpa hálfra öld

3



Síaukin eftirspurn eftir erlendu vinnuafli

4



Málmsuða sem tekur mið af alþjóðakröfum

6



Íslenskir kjötiðnaðarmenn sópa að sér verðlaunum í Danmörku

7



Örugg matvæli

9



Viðbrögð við rekstrarvanda verktaka

Eins og flestir vita hefur verðbólguhraðinn hér á landi mælt um 5% síðustu 12 mánuði. Mikil spenna hefur verið á vinnumarkaði og skortur á vinnuafli hefur víða leitt til launaskriðs sem er langt umfram það sem samið var um í kjarasamningum í ársbyrjun. Þetta á ekki síst við um byggingastarfsemi og mannvirkjagerð þar sem velta jókst um 9-10% á milli ára fyrstu 6 mánuði þessa árs samanborið við sama tíma í fyrra. Verð á íbúðarhúsnæði og öðrum byggingum hefur að flestra mati fylgt kostnaðarþróuninni.

HÖRD SAMKEPPNI HELDUR VERÐINU NIÐRI

Jarðvinnuverktakar hafa nokkuð aðra sögu að segja. Verkefnaframboð þar hefur ekki verið það mikið að verð hafi hækkað eins og í byggingariðnaðinum. Lægstu tilboð í jarðvinnuverkefni eru enn í flestum tilvikum tugi prósentu undir kostnaðaráætlunum og eru þó flestir sammála um að kostnaðaráætlanirnar séu farnar að taka mið af þessum lágu tilboðum og þeirri taumlausu samkeppni sem ríkt hefur á þeim markaði.

MIKLAR KOSTNAÐARHÆKKANIR EN...

Stjórn Samtaka iðnaðarins fjallaði í síðasta mánuði um þetta ástand og sendi í framhaldi af því frá sér ályktun

þar sem fram kemur að rekstrarkostnaður fyrirtækja í jarðvinnu hefur hækkað langt umfram almennar verðlagsbreytingar. Langhæst ber, eins og vænta má, um 60% hækkun á olíuverði sl. 12 mánuði en sé litið lengra hefur olíuverð tvöfaldast á hálfu öðru ári. Aðrir veigamiklir þættir í rekstri jarðvinnuverktaka hafa einnig hækkað svo nemur tugum prósentu. Útseld vinna verkstæða hefur t.d. hækkað á bilinu 25-35% á síðustu 12 mánuðum og koma þær hækkanir ofan á verulegar hækkanir á fyrra ári. Sömu sögu er einnig að segja um hækkun bifreiða- og tækjatrýgginga. Þar má sem dæmi nefna að ökutækjatrýggingin ein og sér hækkaði um 30% í sumar.



...ENGAR VERÐBÆTUR

Undanfarin ár hefur sú stefna verið uppi að hverfa frá verktryggingu verksamninga og má sem dæmi nefna að Vegagerðin verðtryggir ekki verksamninga nema verktími sé lengri en 24 mánuðir. Um þetta segir í ályktun stjórnar SI: „Jarðvinnuverktakar búa við það fyrirkomulag að nánast öll verk þeirra eru tilboðsverk og bundin föstu verði sem breytist ekki þrátt fyrir kostnaðarhækkanir....þeir verða því óvenjulega hart úti þegar verðforsendur tilboða þeirra breytast jafn mikið og raun ber vitni á verktímanum.”

Stjórnarmenn í SI eru ekki frekar en aðrir Íslendingar talsmenn þess að taka upp verðtryggingu vítt og breitt í þjóðfélaginu og setja þar með gömlu verðbólgu hringekjuna í gang. Hins vegar hefur stjórnin beint þeim tilmælum til verkkaupa að að tekin verði upp ákvæði eða tiltekna verðlagsforsendur í verksamninga sem tryggja að eðlilegt tillit verði tekið til verulegra breytinga á verðlagi helstu kostnaðarþátta hjá jarðvinnuverktökum en slíkar verðbreytingar hafa að undanfögnu kollvarpað forsendum verksamninga. Stjórn SI segir í lok ályktunar sinnar að óeðlilegt sé að jarðvinnuverktakar beri þessa áhættu einir.

JÁKVÆÐ VIÐBRÖGÐ HJÁ VEGAGERÐINNI

Nú hefur Vegagerðin tilkynnt að hún muni bæta verktökum olíuhækkanir á þessu ári eftir sérstökum reglum enda séu þær hækkanir langt umfram það sem vænta mátti og vart verði hjá því komist að taka tillit til þeirra. Um það eru auðvitað engar reglur til hvenær verðhækkanir eru orðnar svo miklar að ekki verði hjá því komist að taka tillit til þeirra. Þeim mun meiri ástæða er til að hrósa forsvarsmönnum Vegagerðarinnar fyrir að taka frumkvæði í þessu máli og bregðast við aðsteðjandi vanda jarðvinnuverktaka. Nánari reglna um útreikning bóta er að vænta á næstu dögum. Vonandi fylgja aðrir verkkaupar þessu fordæmi Vegagerðarinnar enda hlýtur sú ákvörðun að vera stefnumarkandi. Framundan er einnig að móta leikreglur um að tiltekna verðforsendur helstu kostnaðarþátta á þessu sviði verði teknar inn í verksamninga í framtíðinni.

TÍMABÆR LÆKKUN ÞUNGASKATTIS

Á þessum vettvangi hefur helst til lítið verið um hrós til handa stjórnvöldum en það er full ástæða til að hrósa fjármálaráðherra fyrir þá ákvörðun hans, sem tilkynnt var nýlega, að lækka mælagjald þungaskatts um 10% sem að sögn mun minnka skattheimtu ríkissjóðs af þessum atvinnutækjum um nálega 300 millj.kr. á ári. Breytingar á þungaskatti hafa verið svo tíðar á undanfögnu misserum að ógerlegt er að finna út með fullri vissu að hve miklu leyti tekjuauki ríkissjóðs af þungaskatti stafar af bættri innheimtu, aukinni umferð eða kerfisbreytingum. Greiðendum þungaskatts hefur jafnan þótt að hverri kerfisbreytingu fylgdu auknar álögur. Nú hefur fjármálaráðherra Geir H. Haarde sem sagt brugðist við háværum kvörtunum með lækkun þungaskatts sem að vonum kemur sér vel við þær aðstæður sem að framan er lýst þar sem kostnaðarhækkanir eru að sliga fyrirtækin. Það eru skynsamleg viðbrögð og fyrir þau er rétt og skylt að þakka.

Sveinn Hannesson



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
11. tbl. Nóvember 2000
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 22.11. 2000
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.
Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Hallveigarstíg 1, Pósthólf 1450,
121 Reykjavík
Sími: 511 5555, fax: 511 5566
Kennitala 511093-2019
www.si.is, netfang:thora@si.is
Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Umbrot og setning: Þóra Ólafsdóttir
Efnisstjóri og prófarkalestur: Þóra Kristín
Fjölmiðlur er frjálst að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilfellum.

Fyrstu myndskerarnir í tæpa hálfu öld

Síðastliðið vor tóku tveir nemendur sveinspróf í myndskurði frá Iðnskól-
anum í Reykjavík en það hafði þá
ekki gerst í 46 ár.

Hinir nýju myndskurðarmenn eru
Anna Lilja Jónsdóttir og Örn Sigurðs-
son. Lokaverkefni þeirra Önnu Lilju og
Arnar eru lágmyndir í endurreisnar-
stíl, skornar út í spjöld og eiga sér fyr-
irmyndir á veggjum Páfagarðs í Róm.



Sveinsstykki Önnu Lilju er skorið út í
mahoní en Arnar í linditré. Kennari

þeirra var Sveinn Ólafsson myndskeri
en hann er nú á áttræðisaldri.

Örn er húsgagnasmíðameistari að mennt og hefur lagt
stund á myndskurð í 10 ár en
Anna Lilja er húsgagnasmíður
en það er forsenda fyrir því að
fá að hefja nám í myndskurði
við iðnskólann.

Fyrir nokkrum árum var
stofnað félag áhugamanna um
tréskurð og Örn og Anna Lilja
segja að það félag hafi ýtt und-
ir að kennsla í myndskurði var
tekin upp að nýju við Iðnskól-
ann í Reykjavík fyrir nokkrum
árum. Nú stunda nokkrir nem-
endur nám í myndskurði við
skólann.

Þóra Kristín



Iðnþing SI 2001

Iðnþing Samtaka iðnaðarins verður haldið 16. mars nk. í Versölum, Hall-
veigarstíg 1. Dagskrá Iðnþings verður birt í febrúarblaði Íslensks iðnaðar
og á vefsíðu SI www.si.is.

Samningur um ráðningu erlends vinnuafls

Síaukin eftir- spurn eftir er- lendu vinnuafli



Samtök iðnaðarins og ráðningarstofan Mannafl (áður Ráðgarður og Gallup) hafa undirritað samstarfsamning um að Mannafl annist milligöngu um að ráða erlent fólk til starfa í fyrirtækjum innan Samtaka iðnaðarins.

Íslensk fyrirtæki hafa í síauknum mæli leitað út fyrir landsteinana að fólk til að sinna störfum sem erfitt hefur reynst að manna hér innanlands. Samtökin töldu eðlilegast að fagfólk annaðist milligöngu um ráðningu þessa starfsfólks en Mannafl gerir sömu kröfur um hæfni til erlendra starfsmanna og innlendra við ráðningu í sambærileg störf.

Nokkuð hefur verið um að fyrirtæki hafi ráðið starfsmenn erlendis frá en það er flókið ferli og tímafrekt enda fylgir því mikil pappírsvinna. Samtökunum þykir því mikill fengur í að fá fagfólk til að sjá um að í hvívetna verði rétt að verki staðið.

Fyrstu skrefin í þessu samstarfi hafa þegar verið stigin. Fulltrúi frá Mannafl er nýkominn frá Póllandi þar sem hann átti viðræður við fjórar ráðningarskrifstofur. Niðurstaðan varð sú að samið var um samstarf við tvær þeirra, aðra ríkisrekna en hina einkarekna. Þær taka að sér að velja fólk sem hefur áhuga á að starfa tímabundið á Íslandi og ganga úr skugga um að það fullnægi þeim kröfum sem fyrirtæki og Mannafl gera til starfsfólks.

Mannafl sér um alla pappírsvinnu, t.d. hvað varðar öflun tilskilinna leyfa og gerð ráðningarsamnings. Ráðningarskrifstofan sér einnig til þess að fyrirtækin fullnægi þeim skilyrðum sem opinberir aðilar setja þeim í slíkum tilvikum.

Fylgt verður fastmótuðu verkferli þar sem tekið er tillit til laga og reglugerða um atvinnuleyfi fyrir útlendinga og krafna Mannafls. Ákveðið var að byrja í Póllandi enda nokkur reynsla fengin af ráðningu fólks þaðan en fyrir-

hugað er að kanna á næstunni svipaða milligöngu um sambærilega þjónustu frá öðrum löndum.

Fyrir pólskan verkamann getur 6 mánaða vinna á Íslandi skipt sköpum fyrir afkomu fjölskyldunnar. Í Póllandi er atvinnuleysi um 14% og þar er sagður mikill áhugi á tímabundnum störfum á Íslandi en algengt er að menn ráði sig til vinnu í þrjá til sex mánuði en eigi möguleika á að framlengja atvinnuleyfið. Hér á landi er þegar fengin nokkur reynsla af pólsku verkafólki sem getið hefur sér gott orð fyrir dugnað og vinnusemi. Svo virðist sem Pólverjar sem unnið hafa á Íslandi hafi borið landanum vel söguna því að starfsmaður Mannafls varð þess áskynja að í Póllandi er mikill áhugi á Íslandi og þar telja menn eftirsóknarvert að vinna.

Áhugasömum er bent á að hafa samband við Ingibjörgu Óðinsdóttur hjá Mannafl í síma 5407100.



Íslenskur skipaiðnaður hefur betur

Framhald af forsíðu

Undanfarið hefur nokkur umræða spunnist um afdrif skipa sem verið er að smíða eða átt hefur að smíða í fjarlægum löndum eins og Chile og Kína. Bent hefur verið á að óvíst sé að þessar þjóðir búi yfir þeirri verk- og tækniþekkingu

sem krafist er við smíði fullkomnustu fiskiskipa sem íslensk útgerðarfyrirtæki og sjómenn sækjast eftir. Eitt er að gera ódýran smíðasamning og annað að fá skip afhent á réttum tíma og með umsömdum gæðum.

Af síðustu fregnum að dæma er ljóst að framvinda verka, sem byggjast á smíðasamningum við skipasmíðastöðvar í Chile og Kína, er ekki með felldu. Það er því að vonum að íslenskir útgerðarmenn dragi af því nokkurn lærdóm og fari varlega í að gera fleiri slíka samninga. Ekki þarf að fjölyrða

um mikilvægi þess að samningar um svo viðamikil verk, sem hér um ræðir, standist hvað varðar verð, gæði og afhendingartíma. Miklu skiptir að fiskiskip, sem bætast í flotann, standist yfstrustu gæðakröfur og komist sem fyrst til veiða og afli eigendum sínum, sjómönnum og þjóðarbúinu í heild nauðsynlegra tekna.

Ingólfur Sveinsson



Tékkar sóttir heim

Stjórn SI hefur það fyrir venju að fara á eins til tveggja ára fresti til útlanda til þess að kynna sér stefnur og strauma í málefnum iðnaðar þess lands sem heimsótt er og/eða alþjóðleg viðhorf í málefnum iðnaðarins. Áður hefur stjórn SI farið til Belgiu, Írlands og Finnlands í þessum tilgangi. Að þessu sinni varð Tékkland fyrir valinu.

Ástæða þess að Tékkland var valið er að um þessar mundir eru 10 ár síðan það losnaði undan oki kommúnismans. Þar er mikill kraftur í uppbyggingu atvinnu- og efnahagslífsins en í Tékklandi er rík hefð fyrir iðnaði og Tékkar eru í hópi þeirra þjóða sem trúlegt er að verði aðilar að ESB innan næstu 5 ára eða svo. Til þess að fræðast um þessi mál voru höfuðstöðvar bæði verkalýðshreyfingarinnar og samtaka atvinnurekenda í iðnaði heimsóttar, auk fyrirtækja. Þá var ræðismaður Íslands í Tékklandi heimsóttur.

SP (SAMTÖK IÐNAÐARINS Í TÉKKLANDI)

SP eiga rætur að rekja aftur til ársins 1918 en í núverandi mynd eru þau 10 ára en eins og gefur að skilja voru engin samtök atvinnurekenda starfrækt í valdatíð kommúnista. Allt atvinnulífið var í höndum hins opinbera, meira að segja rakarastofur og kaffihús. Rætt var um skipulag beggja samtakanna, helstu starfsemi og vandann við að afla félagsmanna og halda þeim. Aðildarfélög SP eru 31 og 160 fyrirtæki eiga þar beina aðild. Samtals eiga um 1.500 fyrirtæki, stór og smá, aðild að SP.

Samtökin leggja mikla áherslu á að efla alþjóðleg tengsl, bæði til þess að afla markaða fyrir tékkneskan iðnað og ekki síður að laða að erlendar fjárfestingar til landsins til að afla markaða og tækniþekkingar. Tékknesk stjórnvöld veita þeim, sem vilja hefja nýja starfsemi í landinu, margvíslega fyrirgreiðslu og getur það átt við bæði innlenda og erlenda aðila. Stjórnvöld vinna markvisst að því að gera rekstr-

arumhverfið aðlaðandi fyrir erlenda aðila. Engar hömlur eru lagðar á fjárfestingar eða erlenda eignaraðild í tékknesku atvinnulífi og er athyglisvert að tékkneska hagkerfið er opnara en það íslenska að þessu leyti. Tékkar hafa gert tvísköttunarsamninga við yfir 100 ríki en Íslendingar hafa ekki tærnar þar sem Tékkar hafa hælana í þeim efnum, hafa aðeins gert slíka samninga við 17 ríki.

Það kom fram í máli SP að staðan í tékkneskum iðnaði er ekki ósvipuð þeirri sem var á Íslandi við inngönguina í EFTA. Iðnaðurinn hefur notið ríkulegrar tollverndar og er að mörgu leyti staðnaður. Þrátt fyrir mjög lág laun hafa Tékkar áhyggjur af því að margt af iðnaðarframleiðslu þeirra muni ekki standast samkeppni í opnu hagkerfi.

Tékkar eiga ríka iðnaðarhefð en hún hefur ekki náð að þróast síðustu áratugina og lág laun ein og sér eru ekki nóg til þess að standast samkeppni til langframa. SP skipulagði m.a. heimsóknir í tvö fyrirtæki sem þeir töldu lýsandi fyrir þá umbrotatíma sem standa nú yfir og þá erfiðleika og tækifæri sem eru í tékkneskum iðnaði um þessar mundir. Þetta voru skipasmíðastöð og glerverksmiðja.

Í skipasmíðastöðinni var eins og tíminn hefði numið staðar fyrir 40 - 50 árum, a.m.k. hvað varðar tæki og búnað. Þarna eru smíðuð skip ætluð til fljótasiglinga og hefur stöðin getað aflað sér verkefna, ekki síst á grundvelli lágra launa, en sér nú fram á að kinnverskur skipasmíðaiðnaður muni gera þeim skráveifu, standist Kínverjarnir þeim snúning í gæðum. Reksturinn þarna var greinilega erfiður og ekki laust við að saknaðar gætti í rödd framkvæmdastjórans þegar hann ræddi verkefnastöðuna og sagði frá því að fyrir Flauelsbyltinguna hefði ekki þurft að hafa áhyggjur af slíkum smámunum. Þá hefðu verkefnin komið af sjálfu sér, m.a. mikið verið smíðað fyrir Sovétríkin.

Í glerverksmiðjunni kvað við annan tón. Hún er sú stærsta í Mið- og Austur Evrópu, var einkavædd árið 1991, keypt af belgískri samsteypu skömmu síðar og hefur véla- og tækjabúnaður síðan verið endurnýjaður meira eða minna. Þarna gengur reksturinn vel og verksmiðjan er mjög vel samkeppnishæf. Þarna hefur skapast góð og stöðug atvinna og er verksmiðjan kjölfestan í sínu byggðarlagi.

CMKOS (TÉKKNESKA ALPÝÐUSAMBANDIÐ)

Varaforseti CMKOS, Zdenek Málek, tók á móti stjórninni. Í máli hans kom glögg fram hversu miklar og erfiðar breytingar hafa orðið og eiga enn eftir að eiga sér stað í Tékklandi eftir Flauelsbyltinguna 1989 þegar kommúnistastjórnin hrökklaðist frá völdum. CMKOS er einmitt byggt á fjölda verkfallsnefnda sem skipulögðu allsherjarverkfali í Tékklandi 27. nóvember 1989 sem var einn af afgerandi þáttum þess að Flauelsbyltingin var gerð. Tékkar kalla hana Flauelsbyltingu vegna þess að ekki ein einasta rúða var brotin þegar valdaskiptin urðu í landinu.

Tékkar hafa gengið hart fram í einkavæðingu og alþjóðavæðingu landsins og ljóst að verkalýðshreyfingunni þykir meira en nóg um. Að sögn Máleks hefur CMKOS fram undir þetta ekki beint spjótum sínum mjög að tékkneskum atvinnurekendum heldur fyrst og fremst að stjórnvöldum og Tékkar hafa byggt á þrihliða samstarfi stjórnvalda, atvinnurekenda og verkalýðshreyfingar. CMKOS hefur frekar viljað einbeita sér að því að reyna að tryggja að lagaumhverfið, leikreglurnar, sé sem hagstæðast en að sækja á um herra kaup enda litlu að skipta fram til þessa. CMKOS, eins og SP, styður aðild landsins að Evrópusambandinu.

Jón Steindór Valdimarsson

Málmsuða

- ný námsbraut sem tekur mið af alþjóðakröfum -



Eins og greint hefur verið frá á þessum vettvangi liggja nú fyrir nýjar námskrár fyrir 5. og 6. önn í blikksmíði, rennismíði, stálsmíði og vélvirkjun. Þessu til viðbótar er nú unnið að gerð námskrár fyrir nýja málmsuðubraut.

Menntamálaráðuneytið fór þess á leit við Starfsgreinaráð í mál-, vél-, tækni- og framleiðslugreinum að verk-

efnið yrði unnið en vinnan við það er í höndum starfshóps undir stjórn Fræðsluráðsins. Hin nýja námsbraut er sérstök af tveimur ástæðum:

1. Innihald námsins tekur mið af Evrópukröfum fyrir málmsuðu EWF-kröfum, (European Welding Federation) en það mun vera í fyrsta skipti sem slík viðmiðun er lögð til grundvallar í iðnnámi hér á landi.

2. Unnt verður að fara þrjár leiðir í náminu: Taka 41 einingu til náms í pinnasuðu, 46 einingar til náms í hlífðargassuðu og 71 einingu sem er heildarnám í málmsuðu, þ.e. pinnasuða, hlífðargassuða og logsuða

Hér er því um talsvert styttra nám að ræða en nám í ofangreindum iðngreinum til loka 6. annar en í hverri eru sem næst 120 einingar. Bóklegt nám er talsvert umfangsminna og því geta þeir, sem vilja sérhæfa sig á þessu tiltekna sviði, tekið sveinspróf og jafnframt uppfyllt alþjóðlegar hæfniskröfur sem þeir geta nýtt hvar sem er í heiminum. Vinna við námskrána er nú í fullum gangi og mun Starfsgreinaráðið leggja tillögur sínar fyrir menntamálaráðuneytið fyrir árslok. Þess er því að vænta að allar námskrárnar fimm, þ.e. í blikksmíði, rennismíði, stálsmíði, málmsuðu og vélvirkjun taki formlega gildi um næstu áramót.

Ingólfur Sverrisson

Ferð byggingamanna til Las Vegas

Nú fer hver að verða síðastur að skrá sig í fyrirhugaða ferð á ráðstefnu og stórsýningu byggingariðnaðarins, World of Concrete, sem fer fram í Las Vegas dagana 25. febrúar til 4. mars næstkomandi. Þeir, sem hafa áhuga á að slást í förina, eru vinsamlega beðnir að hafa samband við Guðmund Þór Sigurðsson hjá Samtökum iðnaðarins í síma 5115555 hið fyrsta.



Frá huga til hugar

Saga prentlistar og bókaútgáfu á Íslandi í máli og myndum með sérstakri áherslu á útgáfu Biblíunnar.

Sýning og ráðstefna meðð yfirskriftinni „Frá huga til hugar“ hófst í Þjóðarbókhöðdu fimmtudaginn 16. nóvember síðastliðinn. Með þessari yfirskrift er vísað til lesturs almennt. Bækur miðla hugsun, boðun og trú til þess sem les þær frá þeim sem ritar. En á milli þess sem miðlar og þess sem tekur við á sér stað heilmikið ferli. Á sýningunni verður saga prents og bókaútgáfu á Íslandi í sviðsljósinu en sérstök áhersla lögð á útgáfu Biblíunnar. Þetta er löng og fjölbreytt saga sem snert hefur alla þætti íslensks samfélags og mótað það.

Sú saga verður rifjuð upp með margvíslegum hætti. Gamlar Biblíuútgáfur verða til sýnis og gerð grein fyrir þeim. Munir, sem varðveist hafa úr sögu prentiðnaðarins í aldanna rás, verða til sýnis og notkun þeirra skýrð. Útgáfusaga Biblíunnar og þróun prent-



Prentvél frá því 1830. Næsta þróun á eftir Gutenbergs pressunni.

iðnaðarins á Íslandi í máli og myndum verður fléttuð saman og hún rakin frá fyrstu tíð og allt til þessa dags.

Samhliða opnun sýningarinnar verður efnt til málþings þar sem frændimenn fjalla um efni hennar og leggja áherslu á hvernig lestrarkunnátta ís-



Setjarapúlt úr Ísafold.

lensku þjóðarinnar hefur þróast frá fyrstu tíð. Einnig verður tíundað hvaða áhrif þýðing Biblíunnar á íslensku hafði á varðveislu tungumálsins.

Sýningin stendur til loka janúar á næsta ári.

Að henni standa Hið íslenska Biblíufélag, Samtök iðnaðarins, Félag bókagerðarmanna og Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn.

Haraldur Dean Nelson



Íslenskir kjötiðnaðarmenn sópa að sér verðlaunum í Danmörku

Íslenskir kjötiðnaðarmenn hafa um árabíl takið þátt í fagkeppni norrænna kjötiðnaðarmanna og ávallt með miklum sóma. Keppnin er haldin annað hvert ár í Herning í Danmörku.

Alls bárust um 700 vörur til keppinnar, þar af 39 vörur frá Íslandi en 25 þeirra hlutu verðlaun, gull, silfur eða brons sem er yfir 80%. Þess má einnig geta að 5 íslenskar vörur fengu gullverðlaun sem eru 13% af innsendu vörunum frá Íslandi en í heild fengu

aðeins um 6% innsendra vara gullverðlaun.

Bestum árangri Íslendinganna fyrir einstakar vörur náði Sigmundur Hreiðarsson, Norðlenska matborðinu á Húsavík fyrir „lambas“ sem eru þurrverkaðir naslbitar úr lambakjöti en fyrir þá fékk hann 50 stig sem þýðir að enginn galli finnst á vörunni. Hann kom því til álita sem Norðurlandameistari í hrávöruflokki þar sem valið stóð á milli þriggja vara. Aðrar íslenskar vörur, sem sérstaka athygli vöktu

fyrir frumleika og handbragð, voru „taðreykt nautarúllupylsa“ unnin af Viktori Steingrímssyni, Sláturfélagi Suðurlands og „lyngreykt fjallafála“ (hráverkaður lambahryggvöðvi) unnin af Jóni Þorsteinssyni, líka hjá SS. Samtök iðnaðarins óska kjötiðnaðarmeisturum til hamingju með þennan frábæra árangur.

Ragnheiður Héðinsdóttir

Breytingar hjá Matvælasviði Hollustuverndar

Nokkrar breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi á Matvælasviði Hollustuverndar að undanförmu.

Jón Gíslason, forstöðumaður, hefur látið af störfum tímabundið en hann verður við störf hjá ESA, eftirlitsstofnun EFTA í Brussel, næstu þrjú árin. Forstöðumaður matvælasviðs, í stað Jóns, hefur verið ráðin Sjöfn Sigurgísladóttir, matvælafræðingur, sem starfað hefur hjá matvælaeild Iðntæknistofnunar (síðar MATRA) um árabil. Guðrún Elísabet Gunnarsdóttir, sérfræðingur í umbúðamerkingum hefur flutt sig til Rannsóknþjónustunnar Sýnis og mun þar þjóna matvælaeignaðinum á öðrum vettvangi. Ásmundur Þorkelsson, sem lengi hefur haft umsjón með aukefnareglum hefur flutt sig til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Núverandi starfsmenn matvælasviðs auk Sjafnar eru eftirtaldir:

Elín Guðmundsdóttir sér um mál er varða matvælaöryggi, þ.á.m. örverur, matarsýkingar, erfðabreyttar lífverur, nýfæði og áhættugreiningu.

Jónína Stefánsdóttir hefur umsjón með matvælaeignun, neysluvatni, samræmingu eftirlits, eftirlits-



verkefnum, heimasíðu og umsjón með fræðslumálum sviðsins.

Baldvin Valgarðsson sér um verkefni á sviði mjólkur, bragðefna, sótt-hreinsiefna, ýmis verkefni varðandi innra eftirlit, umbúðamerkingar, sér-fæði, náttúruvörur/heilsuvörur og hefur umsjón með nýjum og breyttum evrópugerðum.

Svava Liv Edgarsdóttir sér um aukefni, umbúðamerkingar og mála-flokkinn „ofnæmi og óþol“.

Sesselja María Sveinsdóttir sér um innflutningseftirlit, tilkynningar um öryggi matvæla, aðskotaefni og umbúðir matvæla (efni og hlutir).

Steinar Aðalbjörnsson hefur störf í febrúar 2001 og mun annast fagsviðið næring og neytendur. Hann mun hafa umsjón með málefnum varðandi íblöndun bætiefna, sér-fæði, náttúruvörur/heilsuvörur og fæðubótarefni.

Oft velta matvælaframleiðendur því fyrir sér hvaða reglur gildi í öðrum löndum. Á vef Hollustuverndar, www.hollver.is er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar, þ.á.m. eru beinar tengingar inn á vefsíður matvælastofnana í helstu viðskiptalöndum okkar bæði í Evrópu og Ameríku. Þar er að finna ýmsar upplýsingar s.s. um umbúðamerkingar, aukefnanotkun, heilsufullyrðingar og fleira sem skiptir íslenska framleiðendur máli. Til að komast á réttu slóðina er farið inn á vef Hollustuverndar, www.hollver.is, síðan smellt á „matvælasvið“ og þar næst á „tenglar.“ Ennfremur er að finna á vef Hollustuverndar ýmsan fróðleik um hollustuhætti og meðferð matvæla, erfðabreyttar lífverur og margt, margt fleira. Framleiðendur eru eindregið hvattir til að nýta sér þennan upplýsingabrunn.

Ragnheiður Héðinsdóttir

Nýskipuð stjórn starfsgreinahóps í byggingariðnaði innan SI

Breyting hefur verið gerð á starfsgreinahópi í byggingariðnaði innan Samtaka iðnaðarins.

Breytingin er fólgin í því að nú hefur í fyrsta sinn verið skipuð stjórn starfsgreinahópsins og er henni ætlað að hafa náið samstarf við starfsmannhópsins á skrifstofu SI. Í hinni nýskipuðu stjórn sitja:

Ingvar Geirsson, formaður Meistara-

félag iðnaðarmanna í Hafnarfirði, Friðrik Andrésson, Múrarameistarafélag Reykjavíkur, Aðalsteinn Aðalsteinson, Málarameistarafélag Reykjavíkur, Árni Ingi Stefánsson, Íslenskir aðalverktakar, Skarphéðinn Skarphéðinson, Félag pípulagningameistara, Stefán Jónsson, Meistarafélag byggingarmanna á Norðurlandi

Enn á eftir að skipa sjöunda stjórnarmanninn og mun stjórnin ganga í



það mál á næstunni. Fyrirhugað er að halda fund með starfsgreinahópnum annan þriðjudag í hverjum mánuði kl.12.00 – 13.00 að Hallveigarstíg 1 og verða þeir opnir öllum félagsmönnum. Stjórnin hefur nú þegar ákveðið að einn varamaður sækir fundina ásamt stjórnarmönnum sjö til þess að gera fleiri ábyrga fyrir því mikilvæga starfi sem unnið er í starfsgreinahópnum.

Guðmundur Þór

Matvæladagur MNÍ 2000

Örugg matvæli

Matvæladagur MNÍ var haldinn 13. október sl. Ráðstefnan bar yfirskriftina Örugg matvæli og var þar m.a. fjallað um matarsjúkdóma og aðrar hættur sem tengjast neyslu matvæla. Efnid hefur verið ofarlega á baugi bæði hér og annars staðar í heiminum að undanfögnu og var aðsóknin í samræmi við það en ráðstefnuna sóttu hátt í 200 manns.

Árni M. Mathiesen, sjávarútvegsráðherra, setti ráðstefnuna og gerði að umtalfni mikilvægi þess að allir sem koma að matvælaframleiðslu og dreifingu geri allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr áhættu sem tengist matvælaneyslu þótt vissulega sé aldrei hægt að tryggja öryggi matvæla fullkomlega og óheiðarlegt og blekkjandi að halda slíku fram. Hann vakti athygli á að örverur eru sá áhættuþáttur sem varasamastur er heilsu manna og því afar mikilvægt að halda þeim í skefjum en jafnframt benti hann á mikilvægi rétt samsetts fæðis, næringarlega séð, fyrir heilsufar fólks.

Haraldur Briem, sóttvarnalæknir rakti helstu sjúkdóma sem borist geta til manna með fæðu en þeir eru alls um 200 og sjúkdómsvaldarnir bakteríur, veirur og snikjudýr. Langalgengustu og þekktustu sjúkdómsvaldar eru bakteríur. Meðal ástæðna fyrir fjölgun matarsýkinga eru ónæmi sýkla gegn sýklalyfjum, krafa nútímans um ferskleika, þ.e. að matvæli hafi hlotið lágmarkshitameðhöndlun, krafa um líf-

ræna ræktun þar sem húsdýraáburður er notaður við framleiðslu matvæla og eingöngu lífrænar varnir gegn skaðvöldum. Stórframleiðsla og mikil dreifing matvæla eykur líka hættu á útbreiðslu matarsýkinga sem upp kunna að koma. Haraldur taldi að helstu aðgerðir til að sporna gegn matarsjúkdómum væru fræðsla um meðferð matvæla, strangar verklagsreglur og vöktun við framleiðslu og dreifingu matvæla, vöktun sjúkdóma í mönnum og áætlanir um viðbrögð ef sjúkdómar koma upp.

Ásmundur Þorkelsson, matvælafræðingur hjá Hollustuvernd ríkisins gerði grein fyrir tíðni matarsjúkdóma á Íslandi. Hann rakti sjúkdómstíðni af völdum algengustu örvera í matvælum sem valda sjúkdómum á Íslandi. Fram kom að á árunum 1985-1998 komu upp 14 hópsýkingar af völdum Salmonella, eða að jafnaði ein á ári þar sem samtals rúmlega 300 veiktust. Matvæli, sem grunuð eru um að hafa valdið hópsýkingum, eru af ýmsum uppruna en algengast er að það séu kjöt og kjötvörur en einnig hefur yfirborðsmengað neysluvatn oft komið við sögu. Í máli Ásmundar kom fram að sýkingartíðni af völdum Salmonella, Campylobacter og Listeria væri líklega svipuð á Íslandi og í nágrannalöndunum þótt ekki séu til um það tæmandi gögn.

Snorri Þórisson, framkvæmdastjóri hjá Rannsóknáþjónustunni Sýni flutti erindi sem hann nefndi „Örugg mat-

væli-reynsla ráðgjafans.“ Hann telur það reynslu sinna starfsmanna að jákvæður agi í fyrirtækjum, þar sem reglur eru skýrar og þeim framfylgt, hafi afgerandi áhrif á gæði framleiðslunnar. Mikilvægt er að hver og einn starfsmaður hafi skilning á mikilvægi starfs síns og sé ljóst sitt hlutverk. Hver starfsmaður þarf að þekkja áhættuna sem í starfseminni felst og hvernig á að draga úr henni eins og frekast er unnt. Umgengnisreglur, sem snerta öryggi matvæla, verða að vera án undantekninga. Snorri lagði áherslu á einfalt innra eftirlit sem auðvelt er að framfylgja.

Lynn Frewer, sálfræðingur og yfirmaður neytendarannsóknna hjá Food Research Institute í Englandi, flutti erindi um viðhorf neytenda til áhættu sem tengist matvælaneyslu. Hún sagði frá því að neytendur meta áhættu á allt annan hátt en rannsóknafólk og sérfræðingar telja að þeir muni gera. Neytendur vilja láta segja sér sannleikann um líkur á því að verða fyrir heilsutjóni af völdum matvæla og meta svo sjálfir hvaða áhættu þeir vilja taka. Opinberir aðilar og sérfræðingar telja sig hins vegar í mörgum tilvikum þurfa að hafa vit fyrir neytendum. Neytendur hafa tilhneigingu til að óttast hið óþekkt. Þannig telja þeir meiri ástæðu til að setta séu reglur til varnar neytendum varðandi erfðabreytt matvæli og kúariðu heldur en t.d. næringarinnihald eða bakteríur sem valda sjúkdómum. Ástæðan er fyrst og fremst sú að menn telja sig þekkja Salmonellu og hvernig eigi að varast hana og geta metið sjálfir hversu mikil fita er holl fyrir þá en kúariðu og erfðabreytt matvæli þekkja menn ekki

framhald á bls 11



Gæðastjórnun jarðvinnuverktaka fær góðar viðtökur verkkaupa

Nokkur fyrirtæki jarðvinnuverktaka innan SI, sem hófu vinnu við gerð gæðastjórnunarkerfis fyrir skipulag, rekstur og framkvæmdir fyrirtækjanna síðastliðið haust, eru farin að uppskera árangur erfiðisins.

Þau fyrirtæki, sem taka þátt í hinu sameiginlega gæðastjórnunarverkefni á vegum SI, eru mislangt á veg kominn með vinnu sína en þeim, sem lengst eru komin, hefur tekist að gera heildaryfirlit yfir starfsemi sína og rekstur.

Viðskiptavinir þessara fyrirtækja eru farnir að fá nasasjón af betra skipulagi og betra umhaldi á þeim verkum sem þau annast. En það leiðir til agaðri vinnubragða, færri mistaka en ekki síst betri og ánægjulegri samskipta við verkkaupann.

Þegar gengið var frá samningum um bráðabirgðatengingu á Reykjanesbraut við Breiðholtsbraut lagði Háfells ehf. fram gæðaáætlun um hvernig það hygðist standa að verki við framkvæmdina. Gæðakerfi Háfells gerir



Meðfylgjandi mynd er tekin við undirskrift samnings er framkvæmdastjóri Háfells ehf. afhenti verkkaupa eintak af gæðaáætlun fyrirtækisins varðandi þetta tiltekna verkefni.

kröfur um skipulagðan yfirlestur samnings, undirbúning verksins og nákvæma áætlun um framvindu þess.

Meðan á verkframkvæmdum stendur fara óskir um aukaverk og breytingar í tiltekinn farveg sem tryggir framgang breytinga og aukaverka ásamt greiðslum til verktaka þegar það á við.

Þetta sparar bæði verkkaupa, verktaka og eftirlitsmönnum ómældan tíma og fyrirhöfn. Öll innkaup og samningar við undirverktaka verða markvissari þar sem gert er ráð fyrir meiri forsjálni með aðstoð gæðakerfisins en ella hefði orðið. *Ferdinand Hansen*

Hagnýt fræðslutækifæri fyrir stjórnendur á Norðurlöndum:

Norræni framleiðniskólinn

Samtök iðnaðarins vilja vekja athygli félagsmanna sinna á Norræna framleiðniskólanum en námskeið hans eru að hefjast í þessum mánuði. Norræni framleiðniskólinn er sérstaklega ætlaður stjórnendum.

Þátttakendur fá einstakt tækifæri til að kynna því nýjasta sem er að gerast á sviði framleiðni. Þeir mynda tengsl við stjórnendur annars staðar á Norðurlöndum, ásamt því að læra af fyrirlesurum sem margir koma frá framsæknustu fyrirtækjum Norðurlanda. Iðntæknistofnun skipuleggur þátttöku Íslendinga í verkefninu sem er samstarfsverkefni systurstofnana á Norðurlöndum. Náminu er skipt upp í fimm lotur sem hver um sig er kennd í

einu Norðurlandanna á næstu sjö mánuðum. Norræni iðnaðarsjóðurinn styrkti gerð kennsluefnis og er unnið að því að fá viðurkenningu Evrópsku framleiðnistofnunarinnar á náminu.

FIMM LOTUR

Námskeiðin eru: „Networking,“ kennt í Finnlandi, 27.-29. nóvember nk.; „Internal Productivity,“ í Noregi, 22.-24. janúar; „World Class Management,“ á Íslandi, 12.-15. mars; „Creativeness and Influence,“ í Svíþjóð, 23.-25. apríl og „From Vision to Action,“ í Danmörku, 25.-27. maí 2001.

Aukin framleiðni, meiri árangur með minni tilkostnaði, er kjarninn í námi við Norræna framleiðniskólann. Litið er á þá þætti forystu, stjórnunar, sam-

starfs og skipulags sem stuðla að aukinni framleiðni og þar með bættum hag fyrirtækja. Kenndar eru aðferðir til að takast á við síbreytilegan rekstur og hvernig ný tækifæri ásamt breyttu skipulagi geta aukið framleiðni.

ALLT EDA EITTHVAÐ

Hægt er að velja námskeið sem henta hverjum og einum eða velja öll námskeiðin. Áformað er að halda hvert námskeið a.m.k. tvisvar á ári. Hámarksföldi þátttakenda verður ákveðinn í hvert skipti. Stjórnendur sem vilja grípa þetta tækifæri eru hvattir til að hafa samband við fræðslu- og ráðgjafadeild Iðntæknistofnunar, umsjónarmann verkefnisins, Smára S. Sigurðsson, eða á netfangið smari@iti.is. Einnig eru upplýsingar á heimasíðu Iðntæknistofnunar, www.iti.is, og heimasíðu Norræna framleiðniskólans www.ael.fi/lisatietoja/q/NPS.htm. *Davíð Lúðvíksson*

Örugg matvæli

framhald af bls 9

og telja því öruggara að aðrir ráði fyrir þá. Hún benti einnig á ólík viðhorf karla og kvenna en karlmenn hafa mun minni áhyggjur af því hvað þeir láta ofan í sig en konur.

Sigurborg Daðadóttir, gæðastjóri hjá Móum, flutti erindi um kjúklinga-rækt og uppbyggingu gæðakerfis í kjúklingabúum. Hún lýsti kjúklingaeldi allt frá útungun til slárunar.

Kjúklingabændur hafa tekið sig saman um að gera stóráttak til að auka öryggi kjúklingaframleiðslunnar eftir Campylobacter faraldurinn sem dundi yfir í fyrra. Þegar hefur verið gripið til aðgerða eins og varnaðarmerkinga á umbúðum og allir ferskir kjúklingar fara nú í lekaheldar umbúðir. Verið er að koma upp fullkomnu innra eftirlitskerfi á búunum sem m.a. á að tryggja rekjanleika vörunnar.

Ragnheiður Héðinsdóttir

Nýjar reglur um undanþágu aðflutningsgjalda af aðföngum

Hinn 1. nóvember tók gildi ný reglugerð, nr. 719/2000, um undanþágu aðflutningsgjalda af aðföngum til ýmissar atvinnustarfsemi. Með gildistöku reglugerðarinnar falla úr gildi undanþágubréf sem margir framleiðendur hafa fengið skv. eldri reglum.

Samkvæmt nýju reglugerðinni þurfa þeir, sem vilja njóta niðurfellingar af aðföngum, að fylla út sérstakt eyðublað sem ríkistollstjóri lætur í té. Þessu eyðublaði á að skila útfylltu til tollstjóra í lögsagnarumdæmi umsækjanda. Sérstök ákvæði til bráðabirgða gilda um þá sem hafa notið undanþágu af búnaði til mynd- og hljóðvinnslu, af vörum til framleiðslu garðyrkjuafurða og af búnaði til nota í flugvélum en þeir þurfa ekki að fylla út umsókn. Reglugerðina í heild ásamt útskýringabréfi frá fjármálaráðuneyti er að finna á vef Samtaka iðnaðarins, www.si.is.



minna félagsmenn sína á vildarkjarasamning Samtakanna við EJS en sá samningur tryggir m.a. skuldlausum félagsmönnum SI 20% afslátt af listaverði af öllum tölvum og viðeigandi íhlutum, netbúnaði og öðrum vélbúnaði s.s. búnaði sem EJS endurselur.

Einnig er tryggður sami afsláttur af allri

rekstrarvöru og hugbúnaði

(öðrum en samningsbundnum).

Afslátturinn gildir við öll almenn innkaup aðildarfélaga SI óháð magni.



Íslenskt hljómar betur í vetur

Öflug markaðskynning til handa fyrirtækjum innan SI

Samtök iðnaðarins, Útvarpssvið Norðurljósa og Útvarp Saga fm 94,3 hafa gert með sér tímamótasamning um öfluga kynningu á íslenskri vöru og þjónustu fyrir félagsmenn Samtakanna.

Útvarp Saga fm 94,3 er ört vaxandi útvarpsstöð með breiðan hóp hlustenda sem vilja öðru fremur hlusta á íslenska tónlist. Framundan er stóraukin dreifing á útvarpsendingum á landsbyggðinni, en hingað til hefur hlustunarsviðið verið bundið við höfuðborgarsvæðið og nágrenni, auk Suðurnesja.



Kynningarfundur um Útvarp Sögu var haldinn 17. nóv. sl. á Kringlukuránni. Jón Axel Ólafsson forstj.Útvarpssviðs Norðurljósa bauð gesti velkomna og kynnti stöðina. Sveinn Hannesson framkv.stj. SI og Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra fluttu ávarp og þjóðþekktir tónlistarmenn léku af fingrum fram.

Frá 10. nóvember sl. bættist allt Akureyrarsvæðið við.

Kynningarefni um Útvarp Sögu hefur verið sent öllum fyrirtækjum innan SI og eru félagsmenn eindregið hvattir til að kynna sér málið hið fyrsta (sjá upplýsingar á vefnum www.si.is).

Nánari upplýsingar veita Hermann Auðunsson (sími 580 0912, GSM 896 1816, hermann@fm.is) og Gylfi Þór Þorsteinsson (sími 580 0900, GSM 898 9007, gylfi@fm.is) hjá útvarpssviði Norðurljósa.

Brynjar Ragnarsson

Gullsmiðir standa vörð um hagsmuni neytenda

Ekki er allt gull sem glóir þegar skartgripir eru annars vegar. Íslenskir gullsmiðir hafa orðið varir við að neytendur, sem kaupa skartgripi erlendis, sitji uppi með gripi sem ekki standast kröfur um gæði og áreiðanleika.

Af þessum sökum hafa gullsmiðir í Félagi íslenskra gullsmiða tekið höndum saman og merkt verslanir sínar og verkstæði með bronssteyptu merki félagsins. Merkið, eða skjöldurinn, á að vera neytendum til leiðbeiningar



um hvar löggiltan gullsmíðameistara og fagmann sé að finna sem ábyrgist vinnu sína og vöru og býður aðeins upp á áreiðanlega þjónustu.

← Bronsskjöldurinn framan á verslunum og verkstæðum gullsmiða í Félagi íslenskra gullsmiða, er trygging neytenda fyrir því að þar starfi löggiltur gullsmíðameistari og fagmaður sem ábyrgist vöru sína og vinnu og býður aðeins upp á áreiðanlega þjónustu.

Alstraeti 6, sími 580-0900

Samtök IÐNAÐARINS www.si.is, www.idnadir.is